

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps vegna verslunar- og þjónustusvæða á Grenivík.

Skipulagsstofnun staðfesti 1. ágúst 2024 breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. maí 2024.

Í breytingunni felst mörkun stefnu um nýtt 0,41 ha verslunar- og þjónustusvæði (118VP) fyrir ferðaþjónustu norðan Akurbakkavegar á óbyggðu svæði sem minnkar sem því nemur. Nýtt 1,29 ha verslunar- og þjónustusvæði (126VP) er skilgreint sunnan Akurbakkavegar í stað athafnasvæðis (126A) og minnkar hafnarsvæði (120H) og óbyggt svæði einnig til samræmis. Þá er lega Akurbakka-vegar aðlöguð lítillega að landnotkuninni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 1. ágúst 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 16. ágúst 2024